

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/737
komudagur 1.2.2006



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 30.janúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsókn sjóslysa nr. 68/2000, með síðari breytingum.

Efnislega er frumvarpið tvíþætt. Að breyta stöðu framkvæmdastjóra sjóslysa til samræmis við stöðu forstöðumanns rannsóknarnefndar flugslysa og forstöðumanns rannsóknarnefndar umferðaslysa. Að breyta ákvæði um aðgang rannsóknarnefndar sjóslysa ýmsum gögnum, sem sjóslys varða, til þess að auðvelda megi rannsókn þeirra.

Ekki verður annað séð en að þær breytingar sem hér eru lagðar til á gildandi lögum muni hafa áhrif í þá átt að einfalda starfsemi nefndarinnar og að gera störf hennar markvissari. Í ljósi þessa hefur Vélstjórafélag Íslands ekki fram að færa efnislegar athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands,

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!